

Þriðjudaginn 23. júní 1992.

Nr. 131/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ómari Egilssyni og

Sævari Erlendssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Blekking. 261. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1992 að ósk ákærðu, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar á bótaákvæði hins áfrýjaða dóms.

Í málinu er eingöngu ákært fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði laga um leigubifreiðar nr. 77/1989 og reglugerðar nr. 121/1990 koma því ekki til álita við mat á þeirri háttsemi ákærðu, sem ákæran tekur til.

Pegar atvik málsins eru virt, verður að telja ósannað, að auðg-unartilgangur hafi legið að baki þeirri háttsemi, sem ákærðu höfðu í frammi gagnvart Haraldi Kjartanssyni og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Eru því ekki efni til að sakfella þá fyrir brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 243. gr. laganna. Á hinn bóginn brutu ákærðu með háttsemi sinni gegn 261. gr. almennra hegningarlaga. Ber að sakfella þá eftir þeirri lagagrein samkvæmt heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, enda gafst kostur á því við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti að reifa málið og koma að vörn með hliðsjón af 261. gr.

Refsing hvors hinna ákærðu þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ómar Egilsson og Sævar Erlendsson, greiði hvor 12.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. febrúar 1992.

Ár 1992, mánudaginn 10. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómarar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 59-60/1992: Ákærvaldið gegn Ómari Egilssyni og Sævari Erlendssyni, sem tekið var til dóms 3. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember sl., á hendur ákærðu, Ómari Egilssyni, Tunguvegi 1, Hafnarfirði, fæddum 30. nóvember 1949, fæðingarnúmer 441, og Sævari Erlendssyni, Asparfelli 12, Reykjavík, fæddum 1. apríl 1946, fæðingarnúmer 201, ,, fyrir að hafa að kvöldi mánudagsins 13. maí 1991 fengið Harald Kjartansson til að aka þeim í sendibifreiðinni GR 030 frá Garðastræti 38, Reykjavík, og út á Grandagarð og þaðan að veitingahúsinu Ölveri í Glæsibæ við Álfheima og þar horfið úr bifreiðinni án þess að greiða áfallið ökugjald, 3.000 krónur.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta“.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 13. maí sl. kl. 21.50 var beðið um aðstoð lögreglu að Ölveri, Glæsibæ, sökum þess að sendibílstjóri væri í vandræðum með tvo menn, sem neituðu að borga fyrir akstur í greiðabil. Lögreglumenn fóru á staðinn og höfðu tal af kæranda, Haraldi Kjartanssyni, kt. 160756-3579, en hann

var ökumaður sendibifreiðarinnar GR 030. Kvaðst hann hafa ekið ákærðu um borgina, og hefðu þeir farið inn á skemmtistaðinn og neitað að greiða fyrir aksturinn, en að sögn kæranda stóð gjaldmælirinn í 3.000 krónum. Lögreglumenn höfðu tal af ákærðu, sem báðir eru leigubifreiðarstjórar að atvinnu, og kváðu þeir kæranda ekki hafa heimild til fólksflutninga gegn gjaldi, og neituðu þeir að greiða áfallið ökugjald.

Ákærði Ómar skýrði svo frá fyrir dómi, að hann væri leigubifreiðarstjóri, og kvað hann stétt sína hafa átt í erjum við greiðabilstjóra vegna aksturs þeirra á fólki. Kvað ákærði þetta hafa margoft verið kært til lögreglu, en ekkert verið aðhafst í málinu. Ákærði kvaðst umrætt sinn hafa verið staddur í húsi við Garðastræti ásamt meðákærða og Grími Grímssyni leigubifreiðarstjóra, og hafi þeir rætt þessi mál. Ákærði kvað, að þeir hefðu ákveðið að gera eitthvað róttækt í málinu. Ákærði kvaðst hafa hringt á greiðabilastöð og spurt, hvort þeir ækju fólki, og kvað ákærði því hafa verið játað. Kvað ákærði þá hafa pantað bifreið, og hefði verið ákveðið að aka að Kaffivagninum á Grandagarði og hringja þaðan á lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem þar var stödd. Ákærði kvað, að þeim hefði verið tjáð, að ekki væri tími til að sinna þessu máli, og hefði því verið ákveðið að aka að veitingahúsinu Ölveri. Ákærði kvað, að þeir hefðu beðið bifreiðarstjóran að bíða, en honum hefði ekki verið tjáð, að þeir væru að reyna að ná sambandi við lögreglu. Ákærði kvað, að bifreiðarstjórinn hefði skömmu síðar komið inn á veitingastaðinn og þeir þá spurt hann, hvort hann hefði heimild til að aka fólki, og jafnframt hefðu þeir tjáð honum, að þeir myndu ekki greiða fyrir aksturinn. Kvað ákærði, að bifreiðarstjórinn hefði þá hringt í lögregluna, sem hefði komið strax á vettvang. Ákærði kvað, að ekkert hefði verið rætt við bifreiðarstjóran við upphaf ferðarinnar um pakkaflutning með bifreiðinni.

Ákærði Sævar skýrði frá aðdraganda málsins fyrir dómi á sama hátt og ákærði Ómar. Ákærði kvað meðákærða hafa hringt á greiðabilastöð og spurt, hvort þeir ækju fólki, og kvað ákærði því hafa verið játað. Kvaðst ákærði þá hafa pantað bifreið, og hefði verið ákveðið að aka að Kaffivagninum á Grandagarði og hringja þaðan á lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem þar var stödd. Ákærði kvað, að þeim hefði verið tjáð, að ekki væri tími til að sinna þessu máli, og hefði því verið ákveðið að aka að veitingahúsinu Ölveri. Ákærði kvað, að þeir hefðu beðið bifreiðarstjóran að bíða, en honum hefði ekki verið tjáð, að þeir væru að reyna að ná sambandi við lögreglu. Ákærði kvað, að bifreiðarstjórinn hefði skömmu síðar komið inn á veitingastaðinn og þeir þá spurt hann, hvort hann hefði heimild til að aka fólki, og jafnframt hefðu þeir tjáð honum, að þeir myndu ekki greiða fyrir aksturinn. Kvað ákærði, að bifreiðarstjórinn hefði þá hringt í lögregluna, sem hefði komið strax á vettvang. Ákærði kvað, að

ekkert hefði verið rætt við bifreiðarstjórnann við upphaf ferðarinnar um pakkaflutning með bifreiðinni.

Ákærði kvaðst ekki hafa tekið eftir mælisstöðu, og hann kvað, að bifreiðarstjórinn hefði ekki nefnt neina fjárhæð við sig, heldur hefði hann tjáð lögreglunni, hver skuldin var.

Vitnið Haraldur Kjartansson, kt. 160756-3579, Skógargerði 9, Reykjavík, sendibílstjóri, kærandi í máli þessu, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið pantað fyrir Ómar að húsi við Garðastræti. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang, og hefðu tveir menn komið inn í bifreiðina, sem er sendibifreið, svokölluð greiðabifreið. Vitnið kvað ekkert hafa verið talað um tilgang ferðarinnar, hvorki pakkaflutning né fólksflutning eingöngu. Vitnið kvað, að þeir hefðu beðið um akstur að Granda, og kvað vitnið, að þeir hefðu farið inn í Kaffivagninn þar. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað, að mennirnir hefðu verið að reyna að ná sambandi við lögreglu. Vitnið kvað mennina hafa komið aftur inn í bifreiðina. Kvaðst vitnið hafa ekið þeim um bæinn, og hefðu þeir beðið um akstur að veitingahúsinu Ölveri, þar sem þeir fóru inn. Sögðust þeir ætla að skreppa þar inn og ekkert verið rætt um, að akstri væri lokið. Vitnið kvaðst hafa beðið þarna smástund, en síðan farið inn og haft tal af mönnunum og krafið þá um greiðslu, en mælirinn hefði verið kominn í 3.000 krónur. Vitnið kvað mennina hafa neitað greiðslu og tjáð vitninu, að það hefði ekki heimild til að aka fólki gegn greiðslu. Vitnið kvaðst síðan hafa hringt á lögreglu, sem hefði komið fljótlega á vettvang.

Vitnið kvaðst ekki vera í Trausta, félagi sendibifreiðarstjóra, en kvaðst vera félagi í Afli, félagi sendibifreiðarstjóra Sendibíla hf. Vitnið kvað, að Afl væri stéttarfélag, og kvaðst vitnið greiða stéttarfélagsgjald þangað. Vitnið kvað, að sú gjaldskrá, sem notuð væri, væri svokallaður greiðabíla-taxti, sem kominn væri frá Trausta. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því, hvers vegna það væri ekki félagi í Trausta, og ekki kvaðst vitnið hafa séð bréf samgönguráðuneytisins, þar sem segir, að frá og með 20. mars 1990 sé öllum, sem þá stundi leiguakstur á sendibifreið frá viðurkenndri stöð, skylt að vera í Trausta.

Vitnið kvaðst eiga umrædda greiðabifreið, en hún væri skráð á kunningja sinn af sérstökum ástæðum, en vitnið kvað kunningja sinn ekki hafa arð af rekstri bifreiðarinnar.

Vitnið Kjartan Ólafsson Andrésón, kt. 020434-2959, Melabraut 10, Seltjarnarnesi, leigubifreiðarstjóri, skýrði svo frá dómi, að það hefði umrætt sinn verið beðið að fara að Garðastræti 38, og þar kvað vitnið, að Grímur Grímsson leigubifreiðarstjóri hefði komið inn í bifreiðina og beðið um akstur um bæinn, og kvað vitnið, að ekið hefði verið að Granda, þar sem umrædd greiðabifreið var. Vitnið kvað, að Grímur hefði tjáð sér,

að ætlunin væri að fá lögregluna til að sinna þessum málum, og kvað vitnið, að Grímur hefði hringt til lögreglunnar úr bílasíma vitnisins. Vitnið kvað, að lögreglan hefði ekki viljað sinna þessu, og hefði verið skellt á Grím. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt svör þess, sem svaraði af hálfu lögreglunnar. Vitnið kvaðst síðan hafa ekið Grími heim til hans og ekkert frekar geta borið um mál þetta.

Vitnið Grímur Aðalbjörn Grímsson leigubifreiðarstjóri, kt. 270751-2359, Kambsvégi 1 A, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn verið statt í húsi við Garðastræti ásamt ákærðu, og hefðu þeir rætt um mál greiðabílstjóra, sem að staðaldrí aka fólki gegn gjaldi. Kvað vitnið, að ekkert hefði verið gert í þessum málum af hálfu yfirvalda. Vitnið kvað, að greiðabifreið hefði verið pöntuð á staðinn, og kvað vitnið, að ekkert hefði verið rætt um tilgang ferðarinnar, er bifreiðin var pöntuð, en þó minnti vitnið, að spurt hefði verið, hvort bifreiðin væri ekki fyrir fleiri en tvo farþega. Vitnið kvað, að greiðabifreiðin hefði komið á staðinn, en vitnið kvaðst ekki vita, hvað ákærðu og bifreiðarstjóranum fór á milli. Kvað vitnið mál hafa þróast þannig, að ekið hefði verið að Granda, þar sem vitnið kvaðst hafa hringt í lögreglu úr bílasíma leigubifreiðar, sem vitnið var farþegi í. Kvaðst vitnið hafa beðið um lögreglu á staðinn, en sér verið tjáð, að þeir hefðu ekkert um þessi mál að segja og það væri ekki í sínum verkahring að sinna þessu. Vitnið kvaðst hafa hringt aftur og ítrekað beiðni sína um aðgerðir, en allt komið fyrir ekki, og hefði síðan verið skellt á vitnið. Vitnið kvaðst eftir þetta hafa farið heim.

Ákærðu var 18. desember sl. boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, en þeir höfnuðu því. Ákæra í máli þessu var send dómnum með bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember sl., og segir í bréfinu m. a., að af ákærvaldsins hálfu þyki eigi efni til frekari aðgerða á hendur kæranda í máli þessu.

Niðurstaða.

Í máli þessu er upplýst, að ákærðu, sem báðir eru leigubifreiðarstjórar að atvinnu, fengu kæranda til að aka sér í umræddri greiðabifreið um borgina, eins og rakið er í ákæruskjali, og jafnframt er upplýst, að í upphafi hafi vakað fyrir þeim að greiða ekki fyrir aksturinn. Hafa ákærðu borið, að tilgangur sinn hafi verið sá að koma lögum yfir greiðabílstjóra, en þeim sé óheimilt að aka fólki gegn gjaldi. Hafi mikið verið reynt að fá yfirvöld til aðgerða, en það ekki tekist. Kærandi hefur borið, að ákærðu hafi ekkert rætt við sig um tilgang ferðarinnar, hvorki hvort um pakkaflutning væri að ræða eða fólksflutning eingöngu. Þá hnígur framburður ákærðu og vitnisins Gríms í sömu átt.

Kærandi var bifreiðarstjóri sendibifreiðar og hafði sem slíkur heimild til

flutnings á vörum fyrir tiltekið gjald, sbr. 1. gr. laga nr. 77/1989. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 121/1990 er heimilt, þegar nauðsyn krefur, að flytja í sendibifreið umsjónarmenn þeirrar vöru, sem flutt er. Þegar titið er til þess, að ákærðu upplýsa kæranda ekkert um tilgang ferðarinnar, verður að ætla, að ekki sé loku fyrir það skotið, að hann kynni að hafa staðið í þeirri trú, að pakkaflutningur stæði fyrir dyrum frá einhverjum öðrum stað en upphafsstað ferðarinnar. Þykja ákærðu með þessum hætti hafa hagnýtt sér þess óljósu hugmynd kæranda um atvik. Með vísan til framanritaðs telst því sannað, að ákærðu hafi gerst sekir um háttsemi þá, sem þeim er gefin að sök í ákæruskjali og varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Ómars hefur hann á árunum 1968 til 1977 fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Sævars hefur hann hlotið eftirtalda refsíðoma:

1977 19/4 13.900 króna sekt fyrir brot gegn 19. gr. áfl.

1979 7/6 150.000 króna sekt fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl. og 49. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 10 mán.

Auk þessa hefur ákærði Sævar á árunum 1966 til 1987 fjórum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og áfengislögum.

Með hliðsjón af málavöxtum öllum þykir mega ákveða, að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærðu, og skal hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Kærandi hefur krafist greiðslu á áföllnu ökugjaldi, 3.000 kr., en mál þetta hefur snúist um neitun ákærðu á greiðslu gjaldsins. Kærandi hefur að vísu engin gögn lagt fram til stuðnings kröfu sinni, en óumdeilt er, að ákærðu notfærðu sér þjónustu kæranda, sem hann þykir eiga rétt á greiðslu fyrir. Þykir fjárhæð kröfunnar ekki óeðlileg miðað við þá þjónustu, sem kærandi innti af hendi í þágu ákærðu. Verður krafa kæranda því tekin til greina að fullu og ákærðu dæmdir til að greiða kæranda 3.000 kr. in solidum.

Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Péturs Kjerúlf hdl., 25.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærðu, Ómars Egilssonar og Sævars Erlendssonar, er frestað, og skal hún niður falla að liðnum þremur

árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði Haraldi Kjartanssyni, Skógargerði 9, Reykjavík, 3.000 kr. in solidum.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Péturs Kjerúlf hdl., 25.000 kr.
